


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. júní 2008

Rjúpnatalningar 2008

Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands nú í vor benda til þess að fækkunarskeið sem hófst 2005/2006 sé afstaðið. Á austanverðu landinu fjölgaði rjúpum verulega eða 30–70%, en stofninn stóð í stað vestanlands. Venjulega hafa fyrri fækkunarskeið varað í fimm til átta ár. Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2007/2008 og veiði 2007.

Árlegri vortalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu er lokið. Talningar gengu ágætlega og voru rjúpur taldar á 40 svæðum í öllum landshlutum. Alls voru taldir um 1600 karrar sem er um 2% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt nýlegu stofnstærðarmati. Áætlað er að farið hafi verið um 3% af grónu landi neðan 400 m hæðar. Talningarnar voru unnar í samvinnu við allar náttúrustofur landsins, Skotvís og áhugamenn. Um 50 manns tóku þátt í talningunum að þessu sinni.

Frumniðurstöður benda til þess að fækkunarskeið sé afstaðið en það hófst 2005/2006 og hefur því varað í tvö ár. Þetta kemur nokkuð á óvart og er ekki í samræmi við hegðun stofnsins á undanförunum áratugum. Venjulega hafa fækkunarskeiðin varað í fimm til átta ár. Stofnbreytingar voru mismunandi á milli svæða. Í megindráttum stóð stofninn í stað um landið vestanvert, það er um Suðurland og vestur og norður um til Miðfjarðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Veruleg aukning var um landið austanvert, það er frá Miðfirði austur um að Skaftafelli í Austur-Skaftafellssýslu (sjá meðfylgjandi mynd og töflu). Þessi skipting er þó ekki án undantekninga því rjúpum fjölgaði



Niðurstöður karratalninga á sex svæðum á Norðausturlandi og í Hrísey á Eyjafirði, frá 1981–2008.

umtalsvert á tveimur talningasvæðum á vestanverðu landinu, Reykjanesi og Dagverðarnesi í Dalasýslu og kyrrstaða eða fækkun var á tveimur svæðum á austanverðu landinu, á Hegrnesi í Skagafirði og Melrakkaslétu.

Íslenski rjúpnastofninn sveiflast mikið af náttúrulegum orsökum. Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið 1955. Síðustu áratugi hefur hins vegar gætt langtímaleitni niður á við í stofninum. Þannig hafa rannsóknir á Norðausturlandi t.d. sýnt marktæka fækkun rjúpna 1981–2003, sem nam um 4% á ári. Meginástæða þeirrar fækkunar er að afföll fullorðinna rjúpna hafa aukist jafnt og þétt. Í ljósi þessarar þróunar hefur Náttúrufræðistofnun á undanförunum árum lagt til að dregið yrði verulega úr rjúpnaveiðum og árið 2003 lagði stofnunin til fimm ára veiðibann. Í framhaldi af því ákvað umhverfisráðherra að friða rjúpur í þrjú ár eða til haustsins 2006, friðuninni var aflétt haustið 2005 í kjölfar mikillar uppsveiflu í stofninum. Rjúpnaveiðar frá 2005 hafa verið takmarkaðar frá því sem áður var og mest haustið 2007 er einungis var heimilt að veiða fjóra daga í viku í nóvembermánuði.

Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna nú í sumar. Jafnframt munu þá liggja fyrir útreikningar á afföllum rjúpna 2007/2008 og mat á veiði 2007.

Nánari upplýsingar um ofanritað veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í síma 5 900 500.

Með kveðju,
Birta Bjargardóttir



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rjúpnatalningar 2008 – Yfirlit

Svæði	Hvernig talnið	Stærð	Úrtak 2008 (karrar séðir)	Karrar/ferkm		Munur (%) 2008/07	
				2007	2008		
Suðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						17%
Reykjanes	Göngusnið	133 km	56	0,48	1,12	133	
Heiðmörk	Reitatalning	4,8 ferkm	7	1,25	1,46	17	
Vegsnið ofan Reykjavíkur	Vegsnið	86,0 km	91	5,34	4,09	-23	
Ölfusvatn	Reitatalning	2,8 ferkm	9	2,86	3,21	13	
Mosfellsheiði	Vegsnið	41,0 km	17	1,45	1,19	-18	
Mosfellsheiði	Göngusnið	83,0 km	40	1,12	1,07	-4	
Hrafnagjá	Reitatalning	1,7 ferkm	7	4,12	4,12	0	
Vesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						4%
Hundastapi	Reitatalning	4,5 ferkm	6	1,56	1,33	-14	
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5 ferkm	3	3,30	2,00	-40	
Skógarströnd	Reitatalning	6,3 ferkm	11	3,02	1,75	-42	
Mýrar	Vegsnið	179,0 km	63	1,38	1,38	0	
Dalir	Vegsnið	95,0 km	34	2,07	1,20	-42	
Dagverðarnes	Reitatalning	4,1 ferkm	26	2,44	6,34	160	
Vestfirðir	Fjölgun milli ára, meðaltal						2%
Reykhólar	Reitatalning	3,3 ferkm	13	4,55	3,94	-13	
Strandir-Djúp	Vegsnið	167,0 km	27	0,34	0,36	6	
Bjarnarnes	Reitatalning	1,6 ferkm	9	5,00	5,63	13	
Norðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						32%
Vestur-Hún.	Vegsnið	197,0 km	79	1,43	1,18	-17	
Fitjárdalur	Göngusnið	104,0 km	43	1,69	2,81	66	
Skagi	Vegsnið	114,0 km	52	1,09	2,41	121	
Skagi	Vegtalning	52,0 km	52	1,15	2,00	73	
Hegranes	Vegtalning	29,0 km	60	4,76	4,13	-12	
Útanverðunes	Reitatalning	5,3 ferkm	19	5,66	3,58	-37	
Norðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						55%
Hrísey	Reitatalning	7,7 ferkm	136	12,34	17,66	43	
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1 ferkm	20	10,00	18,18	82	
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7 ferkm	25	3,68	4,39	19	
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5 ferkm	14	3,20	5,60	75	
Hafursstaðir	Reitatalning	8,0 ferkm	29	1,88	3,63	93	
Hofstaðir	Reitatalning	4,5 ferkm	23	3,56	5,11	44	
Hóll	Reitatalning	2,4 ferkm	29	8,33	12,08	45	
Laxamýri	Reitatalning	3,7 ferkm	19	3,24	5,14	58	
Þistilfjörður	Vegsnið	27,0 km	34	1,72	2,94	71	
Bakkafjörður	Vegsnið	47,0 km	47	1,02	2,00	96	
Slétta	Göngusnið	43,0 km	114	10,22	7,36	-28	
Tjörnes	Vegsnið	36,0 km	85	2,91	6,71	131	
Slétta	Vegsnið	23,0 km	54	4,68	4,30	-8	
Austurland	Vöxtur milli ára, meðaltal						40%
Jökulsárhlið	Reitatalning	4,5 ferkm	54	8,22	12,00	46	
Hérað	Vegsnið	107,0 km	134	3,79	5,06	34	
Suðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal						71%
Kvísker	Reitatalning	2,1 ferkm	4	0,95	1,90	100	
Skaftafell	Reitatalning	14,1 ferkm	10	0,50	0,71	43	
Suðurlandsundirlendi	Fækkun milli ára, meðaltal						-3%
Suðurland	Vegsnið	196 km	35	1,19	1,16	-3	
Karrar alls				1632			
	Reitir	92	ferkm		Meðaltal	32%	
	Snið	1786	km		Miðgildi	18%	